Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til Menntaráðs

Kópavogi, 14. október 2026
25032763/002.09 SHJ

Efni: Innritun haustið 2026

Innritun barna í leikskóla Kópavogs fyrir haustið 2026 gekk afar vel. Alls voru innrituð 592 börn fædd í ágúst 2025 og eldri, sem þýðir að tekist hefur að bjóða nær öllum börnum í þessum aldurshópi leikskólapláss.

Að lokinni úthlutun voru aðeins 29 börn fædd í ágúst 2025 eða fyrr áfram á biðlista. Í öllum tilvikum var um að ræða börn sem fengu ekki inni í þeim leikskóla sem óskað var eftir og foreldrar höfnuðu boði um leikskólapláss og kusu fremur að halda umsókn sinni virki á biðlista viðkomandi leikskóla.

Þessi góði árangur gerir það að verkum að Kópavogsbær náði því markmiði á þessu ári að geta innritað börn allt niður í 12 mánaða aldur haustið 2026.

Horfur fyrir vorið 2027
Með hliðsjón af núverandi stöðu er stefnt að því að innrita tvisvar á árinu 2027. Opnað verður fyrir úthlutun leikskólaplássa vegna barna sem eru fædd á tímabilinu september til desember 2025 á vorönn 2027, eftir því sem rými og aðstæður leyfa í hverjum leikskóla fyrir sig.

Úthlutun verður áfram háð mönnun, húsnæðisaðstæðum og rekstrarforsendum einstakra leikskóla, en þróunin gefur tilefni til bjartsýni um að áfram verði hægt að bjóða allt að 12 mánaða gömlum börnum leikskólavist.

Ástæður jákvæðrar þróunar
Þessi árangur er fyrst og fremst afleiðing af bættu starfsumhverfi í leikskólum Kópavogs með tilkomu Kópavogsmódelsins. Með markvissum aðgerðum hefur tekist að styrkja stöðuleika í starfsmannahaldi og starfsumhverfi barna og starfsfólks í leikskólum bæjarins

Jafnframt hefur fjöldi barna í yngri árgöngum verið tiltölulega stöðugur, sem auðveldar skipulag og gerir sveitarfélaginu kleift að mæta þörfum fjölskyldna fyrr en áður.

Þróunin er því skýr vísbending um að Kópavogsbær sé á góðri leið með að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóladvalar og bæta þannig þjónustu við barnafjölskyldur í sveitarfélaginu.

Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

Sigrún Hulda Jónsdóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Hulda Jónsdóttir

Tími: 15.10.2026 8:43
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign